

**85** dalahreppi slitnaði. Vorið 1887 fer Karólína með bóndanum á Harrastöðum að 5. oktbr. Glitstöðum í Norðurárdalshreppi og hefir dvalið þar síðan, nema hvað hún dvaldi frá hausti til vors á Veiðilæk í Þverárhliðarhreppi 1896—1897. Karólína hefir skýrt svo frá fyrir rjetti, að húsbóndi hennar hafi komið sjer þar fyrir án sinnar ihlutunar og að því er hún hyggur í því sama skyni og henni var komið áður að Hrafnabjörgum, og var hann viðstaddur rjettarhaldið án þess að mótmæla þessum framburði.

Með því að eigi er sannað, að vera Karólinu Erasmusdóttur á Veiðilæk 1896—1897 hafi verið þannig vaxin, að hún með henni hafi sleppt heimilisfangi sínu á Glitstöðum, þá úrskurðast hjermeð, að Karólína skuli teljast sveitlæg í Norðurárdalshreppi.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Norðurárdalshreppi.

**86** **Brjef stjórnarráðsins til biskupsins yfir Íslandi um embættislán**  
12. oktbr. **handa Holtsprestakalli.**

Með brjefi, dagsettu í gær, hafið þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi frá prestinum að Holti undir Eyjafjöllum, Kjartani prófasti Einarssyni, þar sem hann sækir um leyfi til að taka allt að 400 kr. lán til aðgerðar Ásólfsskálakirkju og setja tekjur Holtsprestakalls í veð fyrir. Leggið þjer það til, að leyft sje að taka lán úr hinum almenna kirkjusjóði til fyrirhugaðrar aðgerðar á kirkju þessari, allt að 400 kr., er ávaxtist og afborgist af tekjum Holtsprestakalls á 20 árum, að svo miklu leyti sem tekjur kirkjunnar hrökkva ekki til.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir umsækjanda, að stjórnarráðið samþykkir framangreinda tillögu yðar.

**87** **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um**  
12. oktbr. **framfærslu barna.**

Sýslumaðurinn í Árnessýslu hefir með brjefi, dags. 14. júlí þ. á., lagt undir úrskurð stjórnarráðsins ágreining milli yðar, herra sýslumaður, og hans um mál eitt milli Biskupstungnahrepps í sýslu hans og Austureyjafjallahrepps í sýslu yðar útaf framfærslu óskilgetinna barna Sigríðar nokkurrar Helgadóttur, sem er sveitlæg í Biskupstungnahreppi, og Eyólfs nokkurs Sveinssonar, sem er sveitlægur í Austureyjafjallahreppi.

Málavextir eru þessir.

Foreldrarnir voru árið 1897 teknir upp frá búi í Austureyjafjallahreppi sakir fátæktar, en áður hafði hreppsnefndin þar spurzt fyrir um það hjá hreppsnefnd Biskupstungnahrepps, hvort hún kysi heldur, að börn þeirra framfærðust þar austur frá eða væru flutt á sveit móðurinnar Biskupstungnahrepp, og svaraði nefndin því þá þegar svo, að hún krefðist þess, að móðirin og öll börn hennar

yrðu flutt til Biskupstungnahrepps. Þá sendir hreppsnefnd Austureyjafjallahrepps **87**  
 oddvita sinn úti Tungur til þess að leita samkomulags við hreppsnefndina þar **12. oktr.**  
 um að skipta börnunum á báða hreppana til framfærslu. Við þá samninga voru  
 eigi aðrir úr hreppsnefnd Biskupstungnahrepps en oddviti og einn nefndarmaður  
 og höfðu þeir ekki fengið neitt umboð frá nefndinni til slíkra samninga, en þeir  
 lofuðu þó að reyna að fá hreppsnefnd Biskupstungnahrepps til þess að fallast á,  
 að börnunum, er voru 7, yrði skipt á hreppana til framfærslu þannig, að 3 þeirra:  
 Guðjón, Sigríður og Sigurður, skyldu flutt til Biskupstungnahrepps til framfærslu  
 þar, en 3 önnur skyldu verða eptir í Austureyjafjallahreppi og framfærast þar;  
 7. barnið, Kristín, er talin var að geta unnið fyrir sjer, skyldi og verða eptir  
 þar eystra. Jafnframt þessu settu þessir 2 menn úr hreppsnefnd Biskupstungna-  
 hrepps það skilyrði, að búsleifum Eyólfs væri skipt upp jafnt milli hreppanna.  
 Málið var síðan borið upp fyrir hreppsnefnd Biskupstungnahrepps á hreppskila-  
 fundi vorið 1897 og fjellst nefndin á, að heimta eigi að svo stöddu fleiri börnin  
 flutt til Biskupstungnahrepps en þau 3, sem nefnd voru, en sjá fyrst hvernig  
 skilin yrðu á búsleifum Eyólfs af hendi Austureyjafjallahrepps. Sama sumarið  
 var móðirin og hin nefndu 3 börn flutt til Biskupstungnahrepps, en engin skil  
 voru gerð af búsleifum Eyólfs, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir af hálfu Biskups-  
 tungnahrepps og leið svo fram til vors 1900. Þá krafðist hreppsnefnd Biskups-  
 tungnahrepps þess, að börn þau, sem eptir höfðu orðið í Austureyjafjallahreppi  
 og voru á sveitarframfæri þar, yrðu flutt til Biskupstungnahrepps. Þegar þessari  
 kröfu var eigi svarað og börnin eigi flutt, krafðist hreppsnefnd Biskupstungna-  
 hrepps úrskurðar amtmanns um meðlag af föðurins hálfu með þeim þrem börn-  
 um, er í Tungunum voru, en taldi sjer að svo komnu óviðkomandi þau börnin,  
 er eptir höfðu orðið eystra, og gaf amtmaður út 3 úrskurði 12. sept. 1900, er  
 ákveða, að 40 kr. skuli greiddast með hverju barnanna; með Guðjóni frá 27. júlí  
 s. á., með Sigríði frá 10. maí s. á. og með Sigurði frá 12. júní s. á. Austur-  
 eyjafjallahreppur var síðan krafinn í tæka tíð um meðlögín samkvæmt nefndum  
 úrskurðum amtmanns, en hreppsnefndin þar neitaði að greiða þau og bar fyrir  
 sig, að hrepparnir hefðu áður samið með sjer um framfærslu þessara barna.  
 Vildi sýslumaður af þessum orsökum ekki leggja fyrir hreppsnefndina að greiða  
 meðlögín samkvæmt amtsúrskurðunum. Jafnframt kemur hreppsnefnd Austur-  
 eyjafjallahrepps fram með nýtt tilboð um að skipta milli hreppanna börnum  
 Eyólfs og Sigríðar, en þau eiga auk þeirra áður greindu 7, ennfremur 2 börn:  
 Valgerði fædda 1898 og Guðmund fæddan 1900. Þessu tilboði Austureyjafjalla-  
 hrepps vildi Biskupstungnahreppur ekki taka, þrátt fyrir sáttaumleitun sýslu-  
 mannsins í Árnessýslu. Biskupstungnahreppur krefst þess, að öll meðlögín með  
 börnunum sjeu greidd af Austureyjafjallahreppi samkvæmt amtsúrskurðunum,  
 en hinsvegar krefst Austureyjafjallahreppur þess, að meðlagsúrskurðirnir sjeu  
 lækkaðir með nýjum úrskurðum, svo framarlega sem Biskupstungnahreppur verði  
 ekki skyldaður til að ganga að samningstilboðunum.

Að því er snertir samninga þá, sem hreppsnefnd Austureyjafjallahrepps  
 hefir haldið fram, að komizt hafi á milli hreppanna 1897, þá heyrir það undir

**87** dómstólana en ekki umboðsvaldið að gjöra út um gildi þeirra, og í öllu falli gat  
12. oktbr. það ekki verið lögmaet ástæða fyrir sýslumann til að synja fullnægingar af hálfu Austureyjafjallahrepps á frammannefndum amtsúrskurðum, þó að hreppsnefnd þess hrepps hjeldi því fram, að nefndir samningar væri komnir á.

Ekki er heldur heimild fyrir því að leggja fyrir Biskupstungnahrepp að ganga að þeim samningstilboðum, sem Austureyjafjallahreppur kom fram með árið 1902 um að skipta fjölskyldu Sigríðar og Eyólfs milli hreppanna til framframfærslu, og á hinn bóginn virðist ekki ástæða til vegna þessara samningstilboða að breyta hinum fyrnefndu amtsúrskurðum og lækka meðlögin með börnunum að föðursins hálfu, hvorki hin áföllnu meðlög nje meðlögin í framtíðinni.

Samkvæmt þessu ber Austureyjafjallahreppi að greiða Biskupstungnahreppi hin áföllnu og ógreiddu meðlög samkvæmt hinum margnefndu úrskurðum amtmanns.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Austureyjafjallahrepps og er jafnframt lagt fyrir yður að heimta meðlögin af hreppsnefndinni til handa Biskupstungnahreppi án tafar.

**88** **Brjef stjórnarráðsins til biskupsins yfir Islandi um embættislán**  
16. oktbr. **handa Þingvallaprestakalli.**

Samkvæmt beiðni prestins að Þingvöllum síra Jóns Thorstensens, meðmælum hlutadeigandi prófasts og meðmælum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi yðar, dagsettu 13. þ. m., veitir stjórnarráðið hjermeð nefndum presti leyfi til þess að taka að láni gegn veði í tekjum Þingvallaprestakalls allt að 800 kr. til húsbóta þeirra á prestsetrinu, er nákvæmara er gerð grein fyrir í erindi prestsins. Lántökuleyfið er þeim skilyrðum bundið, að lánið afborgist með jöfnum afborgunum á 15 árum frá lántöku að telja, að húsabótin verði eign prestakallsins, og að presturinn eða bú hans svari henni í fullu standi eða með álagi ásamt jarðarhúsunum að öðru leyti.

**89** **Brjef stjórnarráðsins til biskupsins yfir Islandi um skiptingu**  
17. oktbr. **Útskálasóknar.**

Eptir ósk safnaðarins í Útskálasókn í Kjalarnesprófastsdæmi og löglegri ályktun viðkomandi hjeradsfundar, veitir stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 6. þ. m., og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 3 frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla, samþykki til þess

að núverandi Útskálasókn verði skipt í tvær sóknir, Útskálasókn og Keflavíkursókn, með þessum nánari ákvæðum:

1. Skiptilínan milli sóknanna sje landamerkin milli Keflavíkur og Leiru.